

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Silju Dögg Gunnarsdóttur
um rafrænt eftirlit með fögum.

1. *Hversu margir einstaklingar biðu afplánunar 31. ágúst 2013?*

Afplánunar biðu 463 dómþolar.

2. *Hversu margir af þeim sem biða afplánunar í fangelsi gætu þess í stað verið undir rafrænu eftirliti?*

Samkvæmt gildandi lögum er hægt að heimila ákveðnum hópi fanga að ljúka afplánun með rafrænu eftirliti. Þeim fögum sem uppfylla skilyrði laga um fullnustu refsinga er gefinn kostur á því að ljúka afplánun undir rafrænu eftirliti.

3. *Hvað kostar dvöl hvers fanga í fangelsi á ári?*

Kostnaður við dvöl hvers og eins fanga er mismunandi eftir fangelsi. Meðaltalskostnaður á hvern fanga í fangelsum ríkisins árið 2012 var tæplega 7,1 millj. kr.

4. *Hvað kostar rafrænt eftirlit með hverjum fanga á ári?*

Miðað við reynslutölur síðastliðinna 18 mánaða má gera ráð fyrir að meðaltalskostnaður á hvern fanga í rafrænu eftirliti sé tæpar 2 millj. kr. á ári.